

1870.  
28. júní.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þér fáið fyrnefndum Hannesi Stephensen meðfylgjanda leyfisbréf í hendur.

30. júní.

**54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um breyting á dýrleika tveggja jarða.**

Með bréfi, dagsettu 11. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns tvær bænarskrár, þar sem eigandinn að jörðunni Skógum í Mjóvafrði í Suðurmúlasýslu, Sveinn Sigurðarson, og eigandinn að hálfum Firði í Mjóvafrði, Ólafur Guðmundarson, sækja um, að þeim verði gefið nokkuð eptir af gjaldinu af jörðum þessum, af hinni fyrri  $\frac{3}{4}$  partar og af hinni síðari  $\frac{1}{4}$  partur, sökum þess, að tæðar jarðir hafa beðið tjón af skriðum, svo sem vottað er með hjálögðum skoðunargjörðum; jafnframt þessu hafið þér og borið það upp við stjórnarráðið, að dýrleiki þessara jarða verði settur niður með nýju mati eptir því hlutfalli, sem fyr var getið.

Útaf þessu verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið hvorki hefir heimild til að gefa neitt eptir af gjaldinu, nè til að láta nýtt jarðarmat fram fara, eins og þér hafið stungið uppá.

30. júní.

**55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um afstöðu milli húsa á Akureyri.**

Með bréfi, dagsettu 26. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá og fylgiskjöl, þar sem verzlunarfulltrúi kaupmanns L. Popp, Jóhannes Halldórsson á Akureyri, kvartar

1870.

30. júní.

undan, að byggingarnefndin í kaupstaðnum hafi neitað L. Popp um, að lengja vöruhús nokkurt um 11 álnir út yfir lóð eina, þar sem nú er timburhús eitt lítið, sem á að rífa, ef leyfið fæst, en þessu hefir byggingarnefndin neitað af því, að vöruhúsið, sem aðeins samkvæmt leyfi nefndarinnar fyrst um sinn má standa þar, sem það nú er reist, yrði svo nálægt næsta húsi, ef byggt væri við það, að einungis yrði 1 alin ámilli. Jafnframt þessu hafið þér borið það upp við stjórnarráðið, að þetta verði leyft, og hafið þér skýrskotað til, að eigi verði í þessu tilfelli farið eptir opnu bréfi 6. janúar 1857<sup>1</sup> 5. gr. B, heldur eptir því, sem fyrir er mælt í sömu gr. C, í niðurlaginu, og í D, er þar sé ekki með þerum orðum tekið fram, að þess eigi að gæta, sem fyrir skipað er í staflinu B um afstöðu milli nágrennishúsa.

Útaf þessu verður yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjöríð það, að eptir því, sem ástatt er, verður úrskurður byggingarnefndarinnar að standa óraskaður.

## 56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárveiting til póstferða.

30. júní.

Eptir að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi, dags. 14. októbr. f. á., hafði hlutast til um, að 348 rd. 21 sk., sem amtmaðurinn í vesturumdæminu og sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu höfðu borgað fyrirfram til póstferða á Íslandi um lok fjárhagsársins 1868—69, yrði teknir upp í frumvarp til aukafjárлага fyrir fjárhagsárið 1869—70, er nú þetta fé veitt með lögum um aukafjárveiting fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílm. 1869 til 31. marzm. 1870.

Um leið og þetta verður hærmeð yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, skal þess getið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þessa fjárveiting og að féð megi greiða úr jarðabókarsjóðnum. Enn fremur skal því við bætt, að skýrt

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 157.